

Leghálssýnataka

Tilgangur

Að lýsa leghálssýnatöku í tengslum við skimanir fyrir leghálskrabbameini.

Ábyrgð

Sýnatökuaðilar bera ábyrgð á að leghálssýni séu tekin samkvæmt leiðbeiningum í þessu gæðaskjali.

Yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinskimana (SKS) ber ábyrgð á að innleiða verklagið.

Ábendingar fyrir leghálssýnatöku

Skimun

- 23-29 ára á 3 ára fresti (2 ár og 11 mánuðir frá síðasta sýni)
- 30-64 ára á 5 ára fresti* (4 ár og 11 mánuðir frá síðasta sýni)

** Í byrjun árs 2021 var tekin upp HPV frumskimun hjá aldurshópnum 30-64 ára (e. primary HPV screening). Konur í þeim aldurshópi fá boð um að mæta í skimun á 5 ára fresti sé HPV neikvætt. Konur í þessum aldurshópi sem ekki hafa komið í leghálssýnatöku eftir 1. janúar 2021 fá boð um að mæta 3 árum eftir síðasta eðlilega sýni en fá eftir það boð á 5 ára fresti.*

Eftirlit

- Vegna frumubreytinga og/eða staðfests HPV-smits
- Eftir leghálsspeglun
- Eftir keiluskurð

Konum sem óska eftir sýnatöku vegna einkenna skal vísa til kvensjúkdómalæknis.

Frábendingar fyrir leghálssýnatöku

- Tíðablæðingar
- Ekki tímabært að taka leghálssýni fyrir skimun eða eftirliti

Skoðun komusögu og skráning beiðna

Fyrir sýnatöku er mikilvægt er að fara yfir komusögu til að athuga hvort tímabært sé að taka leghálssýni hjá konunni. Komusaga er aðgengileg á forsiðu sjúklings í Sögu og í Lyfseðlagátt Embættis landlæknis.

Beiðni er gerð með því að búa til PAP eyðublað í Sögu eða fylla út beiðni í Lyfseðlagátt. Merkja þarf við hver ástæða sýnatökunnar er og staðfesta blaðið.

Tryggja að áhöld séu til staðar

- Sýnaglös
- Cervex-Brush Combi
- Andanefjur í mismunandi stærðum
- Hitapoki til að halda andanefjum heitum
- Límmiðar fyrir sýnaglös. Sjá gæðaskjalið *“Kröfur um frágang og merkingu leghálssýna og viðbrögð við frávikum”*.
- Ílát með ensímlausn til að leggja notaðar andanefjur í. Sjá gæðaskjalið *“Hreinsun andanefja”*.

Undirbúningur skoðunarherbergis

- Hitastig í skoðunarherberginu.
- Tryggja næði og varna innsýn í skoðunarherbergi.

Móttaka konu og undirbúningur fyrir sýnatöku

- Mikilvægt að taka vel á móti konunni og skapa traust. Hlý og fagleg framkoma er mikilvæg.
- Æskilegt er að fara yfir ástæðu sýnatöku og upplýsa konu um hvernig svör berast og hvenær má vænta svars.
- Hafa sýnaglasíð tilbúið opið á vinnuborði svo hægt sé að setja sýnatökuburstann beint í glasið. Gæta þess að snerta ekki glasið eða lokið með hönskum sem hafa verið í snertingu við konuna eða þau áhöld sem notuð eru við sýnatökuna.
- Fá konuna til að sitja sem næst brún skoðunarbekkjjar (auðveldara að finna legháls).
- Skoða og opna varlega leggangaop (introitus) til að ákveða hvaða stærð andanefju passar best (áður en áhöld eru snert).
- Oft er gott að nota minni andanefju fyrir konur sem ekki hafa fætt og stundum eldri konur.
- Forðist að nota grisjur eða annað til að þurrka slím af leghálsinum.

Sýnataka

- Nota tvo fingur (eins og öfugt „v“) til að opna leggangaop og halda labia vel aðskildum.
- Setja inn andanefju, byrja í 45 gráðum og setja varlega inn þétt við aftari leggangaegg (einhver óþægindi geta verið óumflýjanleg þó farið sé varlega).
- Gott er að opna aðeins og kíkja þegar komið er rúmlega hálf leið inn í leggöng (ef leg er mjög aftursveigt getur legháls verið kýldur upp við fremri leggangaegg).
- Ef erfitt er að finna legháls getur það hjálpað að þreifa fyrir honum.
- Mikilvægt er að fá fulla yfirsýn yfir legháls áður en sýni er tekið.
- Ef mikið slím er í leggöngum og á leghálsi má fjarlægja það mesta áður en sýni er tekið en þetta er mjög sjaldan nauðsynlegt og ætti helst ekki að gera.
- Sýnatökuburstinn er settur inn í ytra leghálsopið þar til burstinn lagar sig að leghálsinum. Tvær gerðir sýnatökubursta eru í notkun hér á landi **Rovers Cervex-Brush®** og **Rovers Cervex-Brush Combi®**.

- Ef notaður er **Rovers Cervex-Brush Combi®** er nóg að snúa burstanum réttisælis í **2 hringi** með léttum viðvarandi þrýstingi.



Rovers Cervex-Brush Combi®

- Ef notaður er **Rovers Cervex-Brush®** þarf að snúa burstanum réttisælis í **5 hringi** með léttum viðvarandi þrýstingi.



Rovers Cervex-Brush®

Sjá nánari umfjöllun um burstana hér neðar.

ThinPrep sýnaglös

- Burstinn er settur strax í sýnaglasíð og honum svo þrýst í botninn 10 sinnum þannig að burstahárin þrýstist vel í sundur.
- Áður en burstinn er tekinn upp úr er honum snúið kröftuglega til að losa það sem er á burstanum út í vökvann.
- **Burstanum og skaftinu er hent í sóttmengað sorp.**



- Fjarlægja andanefju varlega (halda við þar til blöðin eru komin út fyrir legháls).

Frágangur sýna

- Sjá nánar í gæðaskjalinu *“Kröfur um frágang og merkingu leghálssýna og viðbrögð við frávikum”*.

Vandamál við sýnatöku

Ef vandamál koma upp við sýnatöku er rétt að kanna hvort aðstoð reyndari sýnatökuaðila sé fyrir hendi. Að öðrum kosti skal falla frá sýnatökunni og vísa konunni til kvensjúkdómalæknis.

Dæmi um vandamál sem geta komið upp:


- Legháls finnst hvorki við skoðun né þreifingu.
- Mikill kvíði eða sársauki við skoðun.
- Ytra leghálsop er lokað (stenosis).
- Óeðlilegt útlit á leghálsi.

Sýnatökuburstar

Tvær gerðir sýnatökubursta eru í notkun hér á landi; **Rovers Cervex-Brush®** og **Rovers Cervex-Brush Combi®**. Burstarnir innihalda ekki latex.

Rovers Cervex-Brush Combi® er sá bursti sem oftast er notaður og er talið að hann nái betur frumusýni innan úr leghálganginum en **Rovers Cervex-Brush®**. Ekki er mælt með notkun **Rovers Cervex-Brush Combi®** hjá þunguðum konum.

Rovers Cervex-Brush® má nota við allar frumusýnatökur frá leghálsi, þar með talið hjá þunguðum konum. Almenn er frekar mælt með **Rovers Cervex-Brush Combi®** nema hjá þunguðum konum.



Hreinsun andanefja

Sjá gæðaskjalið *“Hreinsun andanefja”*.